

43

20. maí

REGLUGJÖRÐ

um

**breytingu á reglugjörð um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu,
frá 22. ágúst 1922.**

Aftan við 8. gr. bætist:

Hreppsnefnd skal hafa ákveðið og auglýst með umburðarbrjefi um hreppinn fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, hvar eitrað verði á yfirstandandi vetri og varðar það sektum samkv. 9. gr., ef þetta er vanrækt.

Vanræki hreppsnefnd í einhverjum hreppi að auglýsa eitrunina á hinum tiltekna tíma, skal sýslunefndarmaður þess hrepps auglýsa, hvar eitrað verði og sjá um, að eitrun verði framkvæmd á kostnað sveitarsjóðs.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1927 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. maí 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.